

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Sem málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Benedikt prestur Eyjólfsson, hinum stefnda, Þorsteini presti Þórarinssyni, 30 kr.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 56/1893:

Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, Einar Thorlacius, og Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og J. M. Hansen fyrir hönd protabús konsúls W. G. Spence Paterson

gegn

Sveini Sigfússyni, Þorsteini Jónssyni, Magnúsi P. Joensen, Pálma Pálmasyri, Þorkeli Jónssyni, sjera Jóni Guðmundssyni, Erlendi Árnassyni og Friðriki Jóhannssyni.

Dómur:

Tildrög þessa máls eru þau, að konsúl W. G. Spence Paterson stofnaði verzlun á Seyðisfirði í Norður-Múlasýslu sumarið eða vorið 1890, og leysti hann þá borgarabjef til þessa. Árið eptir, 1891, keypti hann töluverðan fisk af bændum og útvegsmönnum í Norðfirði í Suður-Múlasýslu, er átti að borgast með peningum og vörum jafnótt og hann væri afhentur. Þetta varð þó eigi, og var mikill hluti þessa fiskjar óborgað-

ur haustið 1891, þá er Paterson fór til útlanda. En áður en hann fór utan, gerði hann fyrir fúgetarjetti Suður-Múlasýslu á Eskifirði 16. októbermán. nefnt ár samning við 2 umbodsmenn Norðfirðinga um greiðslu fyrir fiskinn, og eru ákvæði samningsins þau, að Paterson lofar að greiða helming skuldar sinnar fyrir fiskinn með janúarpóstskipi 1892, og átti hann þá að fá umráð yfir þeim fiski, c. 80 skpd., sem lægi verkaður á Norðfirði; hinn helming skuldarinnar lofaði Paterson að borga með póstskipi í júní 1892 eða um það bil; en hann áskildi sjer rjett til að verka þann fisk, sem hann þá átti óverkaðan á Norðfirði jafnframt og hann lofaði því, að taka fiskinn eigi fyr en skuldir hans þar væru að fullu borgaðar. Ef Paterson eigi uppfyllti þessa samningsskilmála, var það ákveðið, að selja mætti það, sem hann ætti eptir á Norðfirði, þar til nóg væri komið í skuldir og áfallinn kostnað og skaðabætur. Í upphafi þessa samnings, er inniheldur nokkur fleiri ákvæði, segir: »að samkvæmt kröfum (eigi tilgreint hverra) sje nú lagt lögghald á allar eigur Patersons á Norðfirði, hús, timbur, fisk og vöru«. Hinn 9. maímán. 1892 var Paterson gjörður gjaldþrota á Seyðisfirði, þar er heimili hans var og aðal-verzlunarstöð, og hafði hann þá eigi enn greitt borgun til Norðfirðinga fyrir ofan-umræddan fisk, en þeir ljetu síðar sama sumarið selja fisk hans og aðrar eigur á Norðfirði, og eru málspartar sammála um, að uppboðsandvirðið hafi verið 11142 kr. 91 e. Skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu, er hafði protabú Patersons til meðferðar, krafðizt þess, þá er búíð var tekið til skipta, að skuldheimtumenn Patersons á Norðfirði, sem virðast þá enn hafa haft áðurgreindan fisk í sínum vörzlum, afhentu hann og aðra eign Patersons í Norð-

firði skiptarjetti Norður-Múlasýslu, og er þeir neituðu að sinna þeirri áskorun, höfðaði skiptaráðandinn ásamt 3 mönnum, er skuldheimtumenn í búi Patersons höfðu kosið til þess að gæta rjettar þeirra og aðstoða skiptaráðandann, mál gegn hinum stefndu fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu til þess, að þeir ljētu af hendi eignir protabúsins, sem væru í vörzlum þeirra, og afhentu þær skiptarjetti Norður-Múlasýslu, en með dómi gestarjettarins, uppkveðnum 2. ágústmán. f. á., voru hinir stefndu sýknaðar fyrir þessari kröfu skiptarjettarins. Í gagnsóknarmáli, sem hinir stefndu höfðu höfðað gegn umboðsmanni protabúsins Skapta Jósepsyni, var hann fyrir búsins hönd dæmdur til að borga hinum stefndu 1000 kr. í skaðabætur. Þessum gestarjettardómi hefur skiptaráðandinn í Norður-Múlasýslu og hinir kosnu umboðsmenn protabúsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. nóv. f. á., stefnt hingað varnaraðilunum fyrir gestarjettinum, Sveini Sigfússyni, Jóni Guðmundssyni, Þorsteini Jónssyni, Magnúsi P. Joensen, Pálma Pálmasyni, Þorkeli Jónssyni, Friðriki Jóhannssyni og Erlendi Árnasyni og gjört þær rjettarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að brotabú Patersons verði sýknað af kærum og kröfum hinna stefndu, að hinir stefndu verði allir fyrir einn og einn fyrir alla dæmdir til að greiða protabúinu andvirði hinna seldu eigna Patersons á Norðfirði, að upphæð 11142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá stefnudegi 1. júlí f. á. til borgunardags, og að þeir verði in solidum dæmdir til að greiða búinu 1000 kr. í skaðabætur, svo og allan málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi að skaðlausu eða eftir rjettarins mati. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði staðfestur, að

þeir verði algjörlega sýknaðir fyrir kröfum áfrýjendanna og að áfrýjendurnir verði in solidum dæmdir til að endurgjalda hinum stefndu allan áfrýjunarkostnað málsins með nægilegri upphæð.

Um gagnsóknarmálið í hjeradi, sem stefnt var fyrir gestarjettinn með stefnu, dags. 11. júlí f. á., og áteiknaðri af dómáranum 13. s. m., er það að athuga, að það hefur eigi verið lagt til sátta af gagnsóknaraðilunum, og gestarjettardómarinn hefur eigi heldur gjört lögboðna tilraun til að sætta málsviðeigendur. Það verður því ex officio að ómerkja gestarjettardóminn að því leyti hann skyldar Skapta Jóseppson sem umboðsmann áfrýjendanna til að borga hinum stefndu skaðabætur að upphæð 1000 kr., og að vísa gagnsóknarmálinu frá gestarjettinum. Undir dóm yfirjettarins koma nú því að eins kröfur áfrýjendanna gegn hinum stefndu um afhendingu á eignum Patersons í Norðfirði í hendur skiptarjetti Norður-Múlasýslu m. m., eins og kröfur þessar hafa verið stýlaðar fyrir gestarjettinum, og nú ítrekaðar og ýtarlegar útlistaðar fyrir yfirdóminum. Að því leyti varnaraðilar hafa vefengt það, að W. G. Spence Paterson hafi formlega verið lýstur gjaldþrota og að sækjendur máls þessa hafi haft nægilega heimild til að höfða það og reka fyrir hönd protabúsins, skal það tekið fram, að vefenging þessi, sem eigi hefur verið haldið skýlaust fram fyrir yfirdóminum, hefur eigi nægilega stoð í málgögnunum, því að vottorð sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 3. júlí 1893 um að Paterson hafi verið lýstur gjaldþrota 9. maí 1892 eptir kröfu nokkurra skuldheimtumanna, verður að álitast nægileg sönnun um hið fyrnefnda málsatriðið, og

um hið síðarnefnda málsatriðið hefur gestarjettardómarinn uppkveðið úrskurð 13. júlí 1893, er staðfestir saksóknarheimild áfrýjendanna, og hefur þessum úrskurði ekki verið áfrýjað.

Þegar Paterson var lýstur gjaldproti í Norður-Múlasýslu, þar er hann átti heimili, hinn 9. maímán. 1892, áleit skiptarjetturinn þar og skuldheimtumenn hans að hann ætti töluverðar eigur, sjer í lagi fisk, í Norðfirði í Suður-Múlasýslu, og var það því ákveðið að heimta þessa fjármuni af handhöfum þeirra, hinum stefndu, til handa protabúinu, til þess að þær kæmu til skipta milli skuldheimtumanna básins, eins og aðrar eigur Patersons. Hinir stefndu vildu þó eigi sleppa þessum fjármunum Patersons, eins og áður er á vikið, og þóttust þeir hafa eignarrjett yfir þeim samkvæmt áður áminntum samningi eða sætt fyrir fógetarjetti, sem gjörðist 16. okt. 1891. Fyrir yfirdóminum hafa þeir nú að vísu eigi haldið því fram, að þeir hafi beint haft eignarrjett yfir fjármunum þessum samkvæmt samningnum, en þeir álíta, að þeir hafi haft þá sem handveð og fyrir því eigi vera skyldir að sleppa þeim, nema því að eins að andvirði þeirra óskert gangi til lúkningar skuldakröfum þeirra, sbr. 34. gr. skiptalaga 12. apríl 1878. Hjer skal það tekið fram, að þar sem áfrýjendurnir hafa neitað gildi fógetarjettarsamningsins eða sáttarinnar 16. okt. 1891, af þeim ástæðum, að Paterson hafi þá eigi verið bær um að gjöra svofelldan samning, og að semjendurnir á hina hliðina, Þorsteinn Jónsson og Sveinn Sigfússon, hafi eigi haft heimild frá hinum öðrum skuldheimtumönnum Patersons á Norðfirði, sem eru hinir stefndu, til þess að semja þann-

ig við Paterson, — þá er hin fyrri ástæðan um heimildarleysi Patersons, alveg átyllulaus og á engum rökum byggð, og hin síðari ástæðan er einnig þýðingarlaus, með því að samningurinn, er Þorsteinn og Sveinn gjörðu, er síðar marg-samþykktur og staðfestur af hinum öðrum hlutaðeigendum.

Í margnefndum samningi, gjörðum í fógetarjetti Suður-Múlasýslu 16. okt. 1891, segir fyrst, að löghald sje lagt á allar eigur Patersons á Norðfirði, en þar hafði hann kannast við að skulda um 12000 kr. Þetta löghald (Arrest) hefur þó eigi verið staðfest með dómi, og eptir hinni áður tilvitnuðu 34. gr. skiptalaganna, 12. apríl 1878, hefur það algjörlega fallið úr gildi, þegar bú Patersons komst undir gjaldþrotaskipti vorið á eptir. Síðan segir í samningnum, að þegar Paterson í janúarmánuði 1892 hefur borgað hina umsömdu upphæð, skuli hann fá *umráð* yfir fiski þeim, c. 80 skpd., »sem nú liggur verkaður á Norðfirði«, og er með þessu að eins sagt, að þá skuli löghaldið falla úr gildi, að því er þennan fisk snertir. Þá áskilur Paterson sjer rjett til að verka þann fisk, sem hann »nú á óverkadan á Norðfirði«, en tekur hann ekki eða annað, »sem hann á á Norðfirði«, fyr en skuldir hans þar eru að fullu borgaðar. Loksins segir í samningnum, að ef Paterson eigi uppfylli skilmálana, »þá má selja það, sem hann á eptir á Norðfirði, þar til nóg er komið í skuldir og áfallinn kostnað og skaðabætur«. Þessi ákvæði veita skuldheimtumönnum Patersons á Norðfirði hvorki eignarrjett nje handveðsrjett yfir eigum hans þar, en þeir hafa með fógetarjettargjörðinni að eins öðlazzt löghaldsrjett yfir þeim, sem síðar hefur fallið úr gildi, eins og

áður er ávikíð. Hinir stefndu höfðu því eigi löglega heimild til að halda fjármunum þessum fyrir skiptarjettinum í Norður-Múlasýslu, og verður eptir kröfu áfrýjendanna að dæma þá in solidum til þess að greiða tjeðum skiptarjetti andvirði þeirra 11,142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá 1. júlí f. á. til borgunardags. Það þykir eigi vera nægileg ástæða til þess, að dæma hina stefndu til að greiða skaðabætur fyrir hald á fjármunum, en eptir atvikum málsins geta þeir eigi komið hjá að greiða in solidum til áfrýjendanna upp í málskostnað 100 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir stefndu, Sveinn Sigfússon, Þorsteinn Jónsson, Magnús P. Joensen, Pálmi Pálmason, Þorkell Jónsson, síra Jón Guðmundsson, Erlendur Árnason og Friðrik Jóhannesson, greiði áfrýjand-  
 anum, skiptarjettinum í Norður-Múlasýslu, vegna protabús konsúls W. G. Spence Patersons, 11,142 kr. 91 e. með 5% vöxtum frá 1. júlí 1893 til borgunardags og 100 kr. upp í málskostnað fyrir báðum rjettum, hvorttveggja in solidum. Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
 birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.